

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

Reykjavík, 28.4.2021  
*Tilvísun: 20210402838*

## **Umsögn ríkisskattstjóra um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld (nýsköpun, arður, yfirskattanefnd o.fl.) – 697. mál, þskj. 1176**

Ríkisskattstjóri hefur þann 15. apríl sl. móttengið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á því að veita umsögn um ofangreint þingmál. Telur embættið tilefni til eftirfarandi athugasemda:

### **I.**

Með 1. gr. frumvarpsins er lögð til rýmkun á 9. gr. tsl. þannig að stjórnarmenn nýsköpunarfyrirtækja sem kaupa hlutabréf samkvæmt kauprétti í viðkomandi félagi fái notið frestunar á skattalegri meðferð kaupréttar á grundvelli ákvæðisins. Nánar tiltekið þá er lagt til að tekjur af kaupum stjórnarmanns á hlutum eða hlutabréfum samkvæmt kauprétti í félagi, sem hann er stjórnarmaður í, falli undir 9. gr. ef félagið fellur undir 3. tölul. 3. gr. laga um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki, nr. 152/2009, á því ári sem viðskiptin eru gerð.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að gert sé ráð fyrir því að félag geti talist uppfylla skilyrði laga nr. 152/2009, og fallið undir 9. gr. tsl. að breyttu breytanda, óháð því hvort að þau rannsóknar- og/eða þróunarverkefni sem félagið starfar við hafi hlotið staðfestingu Rannís. Ríkisskattstjóri bendir á að mat á því hvort að félag sé nýsköpunarfyrirtæki í skilningi 3. tölul. 3. gr. laga nr. 152/2009 krefjist töluverðrar sérþekkingar, og að hingað til hafi það alfarið verið á verksviði Rannís að meta hvort að félög uppfylli skilyrði þeirra laga. Í greinargerð með frumvarpi sem varð að lögum nr. 152/2009 komi fram að þeir lögaðilar einir teljist falla undir ákvæði laganna sem hafi hlotið staðfestingu Rannís þar sem sérfræðingar stofnunarinnar meti hvort ákveðin verkefni falli undir skilgreiningu laganna á nýsköpunarfyrirtæki, en ríkisskattstjóri sinni skattfrákvæmd. Benda má á yfirskattanefnd hafi í úrskurði sínum nr. 133/2020 fjallað um valdsvið ríkisskattstjóra og Rannís, og niðurstaðan verið á þennan veg.

Með vísan til framangreinds, og með vísan til skilvirkni og gagnsæi í þessari frákvæmd, og í því skyni að fyrirbyggja annars líklegan ágreining, telur ríkisskattstjóri nauðsynlegt að umrædd heimild verði bundin við að félag hafi unnið við verkefni sem hlotið hafi staðfestingu Rannís á því ári sem viðskiptin með hlutabréfin voru gerð.

## II.

Með 2. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á 18. gr. tsl. á þá leið að hagnaði lögaðila verði frestað um tvenn áramót í stað skattlagningar við nýtingu breytiréttar, vegna viðskipta við lögaðila sem falli undir 3. tölul. 3. gr. laga nr. 152/2009.

Í athugasemdum í greinargerð kemur enn fram að gert sé ráð fyrir því að félag geti talist uppfylla skilyrði laga nr. 152/2009, og fallið undir 18. gr. tsl. að breyttu breytanda, óháð því hvort að þau rannsóknar- og/eða þróunarverkefni sem félagið starfar við hafi hlotið staðfestingu Rannís. Ríkisskattstjóri ítrekar hvað 2. gr. frumvarpsins snertir sjónarmið þau sem fram hafa komið varðandi 1. gr. frumvarpsins hér að framan.

Virðingarfyllst,  
f.h. ríkisskattstjóra



Helga Valborg Steinarsdóttir



Ingvar J. Rögnvaldsson